

# Felum og finnum 1

## Fjársjóðsleit

<b>Aldur barna</b>	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
<b>Námssvið</b>	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
<b>Aðstæður</b>	Umhverfi		Árstíð	
	Hvaða umhverfi sem er. Helst þar sem ekki er alveg opið svæði heldur möguleiki á að fela hluti.		Hvaða árstíð sem er.	

### Lýsing á verkefni

- Kennarinn, eða tvö til þrjú börn í sameiningu, fela fjársjóðssteinina í nágrenninu á meðan hinir grúfa sig.
- Kennarinn leggur svo niður tölustafi eftir því hversu margir steinar voru faldir (sjá mynd).
- Kennarinn gefur börnunum fyrirmæli um að safna saman fjársjóðssteinunum og leggja þá á tölustafina hvern á fætur öðrum. Þannig geta börnin auðveldlega fylgst með hversu margir steinar hafa fundist og hversu marga á enn eftir að finna.

### Gögn

Fjársjóðssteinar – Steinar sem hafa verið málaðir gulllitaðir eða gulir og jafnvel skreyttir með glimmeri. 8-10 steinar eru hæfilegur fjöldi. Tölustafir úr pappa, gjarnan plastaðir, jafnmargir og steinarnir.

